

Birtist á Pressan.is, 31. janúar 2011.

Hræðsluáróður Björns Vals

Jón Steinsson

Þá eru línur loksins farnar að skýrast í kvótamálinu. Samfylkingin stendur fast á því stefnumáli flokksins og ríkisstjórnarinnar að kvótinn verði innkallaður á tuttugu árum og boðinn til endurúthlutunar gegn gjaldi. Útgerðarmenn hafa hins vegar fengið nýjan bandamann, Björn Val Gíslason, sem berst af miklu afli fyrir því að þeir haldi forréttindum sínum í nýjum umbúðum.

Nú leitar Björn Valur í smiðju sjálfs Davíðs Oddssonar og lýsir því yfir að fyrningarleiðin muni leiða til „mikillar upplausnar og gjaldþrota“. Meistari Davíð notaði reyndar iðulega orðið „kollsteypa“ þegar hann þurfti að hræða fólk til hliðni við LÍÚ. En ég er samt viss um að Davíð kann vel að meta nýjan bandamann sinn í bárráttunni fyrir sægreifana.

Þessi hræðsluáróður Björns Vals um upplausn og gjaldþrot er úr lausu lofti gripinn. Ég veit ekki betur en að mörg hundruð lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi séu um þessar mundir að ganga í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu í ferli sem kallað er „beina brautin“ án þess að það hafi valdið upplausn eða kollsteypu. Og mörg af stærstu fyrirtækjum landsins hafa gengið í gegnum svipað ferli á síðustu misserum án þess að það hafi heldur valdið upplausn eða kollsteypu.

Næst koma væntanlega falsrökin um að fyrning aflaheimilda muni valda öðru bankahruni. Í því sambandi má ég til að minnast á það að afkoma sjávarútvegarins er ekki verri en svo að eigið fé fyrirtækja í greininni hækkaði um 86 ma.kr. milli áranna 2008 og 2009. Og hreinn hagnaður greinarinnar var 28 ma.kr. árið 2009. Sjávarútvegurinn á því vel að geta staðið undir 8% fyrningu aflaheimilda og endurleigu með uppboði. Slíkt fyrirkomulag myndi leiða af sér stighækkandi greiðslur greinarinnar fyrir veiðiheimildir. Greiðslurnar fyrsta árið yrðu um 1 ma.kr en myndu smám saman hækka í 15 ma.kr.

En gott og vel. Það er alveg hægt að útfæra samningaleiðina þannig að þjóðin fái sanngjarnan skerf af auðlindaarðinum.

Hvað er sanngjarn skerfur fyrir þjóðina? Eigum við að segja 50%? Það er sama hlutfall og myndi renna til þjóðarinnar ef kvótinn væri fyrndur um 8% á ári.

Það vill svo vel til að Hagstofan hefur til margra ára reiknað og birt tölur sem eru ágætis mælikvarði á auðlindaarðinn. Hagstofan tekur verga hlutdeild fjármagns (e. EBITDA) og dregur frá 6% árgreiðslu (e. implied cost of capital). Samkvæmt þessum mælikvarða var auðlindaarðurinn 45 ma.kr. árið 2009. Til þess að þjóðin hefði fengið helming arðsins hefði auðlindagjaldið þurft að vera 22,5 ma.kr árið 2009.

Ef ríkisstjórnin vill fara þá leið að semja um auðlindagjald í stað þess að bjóða upp veiðiheimildir er rétta leiðin að miða auðlindagjaldið við verga hlutdeild fjármagns að frádreginni 6% árgreiðslu (eða ef til vill 8% ef hún vill vera gjafmild). Og ef sanngjarnt hlutfall fyrir þjóðina er helmingur þá á auðlindagjaldið að nema 50% af þessari stærð ár hvert.

(Árgreiðslan er dregin frá vergri hlutdeild hagnaðar til þess að fyrirtækin fái fyrst að halda eftir eðlilegum arði af þeim framleiðslutækjum sem þau leggja til rekstrarins (skipum, frystihúsum, o.s.fr.) áður en byrjað er að leggja á auðlindagjald. Síðan myndu þau einnig fá 50% af því sem er umfram það og þjóðin hin 50%-in.)

Þess má geta að ríkisstjórn Ástralíu lagði fyrir nokkru til að tekið yrði upp auðlindagjald í námugeiranum þar í landi af nákvæmlega þessari gerð (50% af „ofurhagnaði“, þ.e. vergi hlutdeild fjármagns að frádreginni árgreiðslu). En hagsmunasamtök þar í landi hafa haft betur enn um sinn.

Það má raunar færa fyrir því rök að samningaleið á þessum nótum sé betri kostur en fyrningarleiðin. Helsta hættan við fyrningarleiðina er víðtækt samráð útgerðarfyrirtækja í uppboðinu. Slík hættan er ekki fyrir hendi með auðlindagjaldi. Hættan á því að Sjálfstæðisflokkurinn lækki auðlindagjaldið þegar hann kemst næst til valda er hins vegar meiri. Og þar að auki nær slík samningaleið ekki öðrum vinsælum markmiðum eins og t.d. að takmarka brask. Leigutilboðsleiðin nær hins vegar því markmiði án þess að hagkvæmni í greininni sé förnað.